



Skýrsla stjórnar

Lögð fram á aðalfundi Félags náms- og starfsráðgjafa

23. maí 2022





Skýrsla stjórnar Félags náms- og starfsráðgjafa

Lögð fram á aðalfundi 23. maí 2022

Dagskrá aðalfundar skv. 8. grein laga Félags náms- og starfsráðgjafa er eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningar félagsins
3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins
4. Lagabreytingar
5. Nefndarstörf
6. Umræður og afgreiðsla mála
7. Kosning stjórnar, fræðslunefndar, kjaranefndar, siðanefndar, upplýsingar- og kynningarnefndar og fagráða
8. Önnur mál

Aðalfundur Félags náms- og starfsráðgjafa 2021 var rafrænn en stjórn FNS var stödd í Framvegis á meðan á fundi stóð. Fundarstjóri var Sigríður Sigurðardóttir og fundarritari Helga Valtýsdóttir. Um var að ræða hefðbundin aðalfundarstörf samkvæmt ofangreindri dagskrá auk þess sem nýjar siðareglur voru kynntar og samþykktar einróma á aðalfundi.

Breytingar urðu á stjórn FNS og fyrst ber að nefna að Helga Tryggvadóttir lét af embætti sem formaður og Klara Guðbrandsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir hættu í stjórn.

Jónína Kárdal var kjörin nýr formaður í sérstakri kosningu. Heimir Haraldsson og Hildur Björg Vilhjálmsson komu ný inn í stjórn.

Nefndir og ráð FNS starfsárið 2021-2022 voru skipuð eftirfarandi félagsmönnum og fá þeir kærar þakkir fyrir þeirra störf

Fræðslunefnd: Guðrún Helga Ágústsdóttir, Kristín Hrefna Leifsdóttir, Kristín Erla Þráinsdóttir, Kristjana Þrastardóttir og Kolbrún Vilhjálmsson. Tengiliður stjórnar – Jónína Kárdal

Upplýsinga og kynningarnefnd: Anna Lóa Ólafsdóttir; Nanna Imsland. Tengiliður stjórnar - Jónína Kárdal

Fagráð grunnskóla: Arnheiður Dögg Einarsdóttir, Henný Sigurjónsdóttir, Sóley Rós Guðmundsdóttir. Tengiliður stjórnar - Hildur Björg Vilhjálmsson

Fagráð framhaldsskóla: Fríður Reynisdóttir og Svanhildur Svavarsdóttir. Tengiliður stjórnar - Helga Valtýsdóttir

Fagráð háskóla: Hildur Katrín Rafnsdóttir. Tengiliður stjórnar - Jónína Kárdal

Fagráð atvinnulífs: Ágústa Björnsdóttir og Margrét Hanna. Tengiliður stjórnar - Hrönn Grímsdóttir



Kjaranefnd grunnskóla: Erna Ýr Styrkársdóttir og Hildur Björg Vilhjálmisdóttir tengiliður stjórnar. Erna Ýr sagði sig frá nefndinni og í hennar stað kom Jóhanna María Vignir.

Kjaranefnd framhaldsskóla: Ásdís Birgisdóttir og Kristín Birna Jónasdóttir

Kjaranefnd háskóla: Árný Þóra Ármannsdóttir og Lýdía Sigurðardóttir

Kjaranefnd atvinnulífs: Ágústa Björnsdóttir og Arndís Harpa Einarsdóttir

Siðanefnd: Hildur Ingólfisdóttir, Hrönn Grímsdóttir, fulltrúi stjórnar, Klara Guðbrandsdóttir og Lýdía Sigurðardóttir.

Upplýsinga- og kynningarnefnd: Anna Lóa Ólafsdóttir og Nanna Imsland. Jónína Kárdal tengiliður stjórnar

Uppstillingarnefnd (tók til starfa fyrir aðalfund 2022): Ásdís Birgisdóttir, Ásta Gunnarsdóttir og Rakel Steinvör Hallgrímsdóttir.

1. Starf stjórnar

Á fyrsta fundi stjórnar skipti stjórn með sér verkum. Jónína Kárdal gegnir formennsku, Helga Valtýsdóttir varaformaður og tengiliður stjórnar í fagráði framhaldsskóla og kjaranefnd, Hildur Björg Vilhjálmisdóttir ritari og tengiliður í fagråd grunnskóla og kjaranefnd, Hildur Björk Möller gjaldkeri, Hrönn Grímsdóttir, meðstjórnandi og tengiliður stjórnar við fagråd í atvinnulífinu og siðanefnd ásamt því að halda utan um félagatal. Heimir Haraldsson meðstjórnandi og Greta Jessen meðstjórnandi er fulltrúi norræns samstarfs. Jónína Kárdal formaður var tengiliður við upplýsinga- og kynningarnefnd ásamt því að gegna hlutverki vefstjóra. Vorið 2021 var íslenska og alþjóðasamfélagið enn að glíma við COVID 19 og samkomutakmarkanir. Áfram var notast við stafræna tækni til samskipti innan stjórnar og nýttir þeir miðlar sem grunnur var lagður að frá fyrri stjórn; Zoom notað til fundarhalda en lokaður hópur á facebook og tölvupóstur til að sinna erindum þar á milli. Eitt af því sem skipti mjög miklu máli var vilji stjórnar- og félagsfólks til að nýta þessa stafrænu miðla til samskipta og samveru í ljósi samkomutakmarkana. Stjórnarfundir voru að jafnaði einu sinni í mánuði árið 2021, alls 6 fundir en árið 2021 voru stjórnarfundir haldnir á tveggja vikna fresti, alls 8 fundir árið 2022.



2. Stefnumótun

Til að fylgja eftir 1. grein laga félagsins:

að efla náms- og starfsráðgjöf, samheldni og tengsl félagsmanna ásamt fag- og stéttarvitund íslenskra náms- og starfsráðgjafa

voru nefndir og ráð kölluð saman í upphafi hausts 2021 þar sem farið var í saumana á hvað FNS ætti að leggja áherslu á í starfsemi sinni til næstu ára. Farið var í ákveðna stefnumótunarvinnu þar sem niðurstaðan varð sú að vinna eftir ákveðnum þemum út frá lykilorðunum; sýnileiki, samstaða og stafræn tilvera. Starfsárið 2021-2022 hefur verið helgað því að auka sýnileika náms- og starfsráðgjafa og fagstéttarinnar.

3. Sýnileiki

Það er sameiginlegt verkefni stjórnar og félagsmanna að efla sýnileika fags og stéttar og nota til þess mismunandi og fjölbreyttar leiðir. Aukinn sýnileiki gerir það að verkum að notendur verða meðvitaðri um þessa þjónusta, samfélagið áttar sig betur á framlagi fagsins og stéttar ásamt því að efla samheldni á meðal félagsmanna. Áhersla var lögð á sýnileika bæði innan FNS og utan og var markmiðið að varpa enn betur ljósi á náms- og starfsráðgjöf og mikilvægi hennar fyrir einstaklinga og samfélag og starf náms- og starfsráðgjafa á fjölbreyttum vettvöngum.

Félag náms- og starfsráðgjafa átti fjörutíu ára starfsafmæli árið 2021. Stjórn FNS ákvað að ráðast í útgáfu blaðs sem var dreift með Fréttablaðinu og kom út 20. október 2021 á Degi náms- og starfsráðgjafa. Efnistöðin í blaðinu voru mjög fjölbreytt, rætt við félagsmenn á mismunandi starfsvettvöngum og kastljósi beint að kjarna náms- og starfsráðgjafa og mikilvægi hennar. Félagið þakkar Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Evrópumíðstöðinni, Vinnumálastofnun og Iðunni fyrir veittan stuðning við útgáfu blaðsins

Félag náms- og starfsráðgjafa hefur veitt félagsmanni viðurkenningu fyrir framlag til nærsamfélagsins, fagsins eða stéttarinnar í fimmtán ár eða allt frá árinu 2006 Tilgangur slíkrar viðurkenningar er að vekja athygli á fagmennsku og nýsköpun í starfi náms- og starfsráðgjafa og framlagi einstakra félagsmanna til fags og stéttar. Það er mikilvægt að leita til félagsmanna þegar kemur að slíkum viðurkenningum og óskaði stjórn FNS eftir tilnefningum félagsmanna.

Í ár ákvað stjórn að veita tveimur félagsmönnum viðurkenningu fyrir framlag til stafrænnar þróunar í náms- og starfsráðgjöf. **Þetta eru þau Arnar Þorsteinsson náms- og starfsráðgjafi**



sem starfar á Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og hjá Iðunni fræðslusetri og Nanna Imsland náms- og starfsráðgjafi hjá Menntaskólanum á Egilsstöðum.

Arnar Þorsteinsson hefur starfað við náms- og starfsráðgjöf í rúm 20 ár, Hann hefur unnið að uppbyggingu og þróun á náms- og starfsfræðslu á margvíslegan hátt, annars vegar þegar hann starfaði á grunnskólastigi og hins vegar með því að leiða þróun og uppbyggingu á vefjum sem við náms- og starfsráðgjafar þekkjum glögg, næstaskref.is og náms og störf.is vefjunum. Náms og störf er náms- og starfsfræðsluvefur um verknám, rekinn af Iðunni fræðslusetri, Rafmennt og Samtökum iðnaðarins. Vefurinn “næsta skref” er upplýsingavefur um nám og störf, raunfærnimat og ráðgjöf sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins rekur. Báðir þessir vefir nýtast á mörgum skólastigum og við símenntun, eru hagnýt verkfæri fyrir náms- og starfsráðgjafa og almenning.

Arnari hefur tekist að beina kastljósinu að mikilvægi náms- og starfsfræðslu með notkun upplýsingatækni og skipulegri skráningu og miðlun á upplýsingum um nám og störf. Arnar hefur styrka faglega sýn og hefur sinnt þessum verkefnum af alúð og metnaði. Hann hefur verið afar fylginn sér og rökfastur þegar kemur að umræðu um stefnumótun í náms- og starfsfræðslu og rafrænni náms- og starfsráðgjöf og hika ekki við að taka samtalið! . Með störfum sínum hefur Arnar svo sannarlega haft áhrif á stafræna tilveru í faginu.

Nanna Imsland er náms- og starfsráðgjafi við Menntaskólann á Egilsstöðum (ME) og hóf störf þar árið 2015 að lokinni meistarárgráðu í náms- og starfsráðgjöf frá Háskóla Íslands.

Nanna sinnir náms- og starfsráðgjöf innan teymis Nemendabjónustu ME Með nýstárlegum hætti og notkun stafrænna miðla hefur Nönnu tekist að nálgast nemendur bæði innan og utan ME til dæmi með framsetningu gagnabanka þar sem hægt er að nálgast upplýsingar um þætti er viðkemur vellíðan og velgengni í námi. Sérstaklega ber að geta hagnýtra upplýsinga fyrir nemendur sem eru með lesblindu eða eru með sértæka námsörðugleika. Starf Nönnu og Nemendabjónustunnar hefur vakið athygli og fengið verðskuldaða viðurkenningu, frá Félagi lesblindra og Rótarý hreyfingunni. Nanna sinnir starfi sínu af mikilli alúð og óeigingirni og hika ekki við að deila efni og ýmsum fróðleik með öðrum náms- og starfsráðgjöfum. Þetta verður til þess að styðja við samstöðu innan stéttarinnar og auka sýnileika hennar. Á vef Nemendabjónustu ME er Nönnu lýst á eftirfarandi hátt með fimm jákvæðum lýsingarorðum; metnaðarfull, heiðarleg, útsjónarsöm, þolinmód og staðföst. Arnari og Nönnu hefur báðum tekist, með sínum verkum og starfi, að sýna hvers megnug og mikilvæg náms- og starfsráðgjöf er fyrir einstaklinga og samfélagið. Félagið þakkar þeim innilega fyrir góð störf í þágu náms- og starfsráðgjafar.

Í nóvember 2021 fóru tveir úr stjórn á fund mennta- og menningarmálaráðherra, Lilju Daggar Alfreðsdóttir og hittu fyrir hana og þrjá fulltrúa úr ráðuneytinu. Lagt var fram minnisblað þar sem farið var yfir áherslur í menntastefnu 2030 er viðkom náms- og starfsráðgjöf, nauðsyn þess að efla náms- og starfsráðgjöf sem víðast í menntakerfinu, m.a. með fjölgun á stöðum



náms- og starfsráðgjafa og styrkja náms- og starfsfræðslu með því að auka vægi hennar sem kennslugreinar ásamt útgáfu námsefnis

Til að auka sýnileika stjórnar og verkefna voru sendir út reglulegir pistlar á póstlista félagsins og mæltist vel fyrir. Með pistlunum er hægt að varpa ljósi á umfang starfs stjórnar og hvers konar málefni koma þar á borð. Einnig er þetta tækifæri til að efla tengsl og skapa umræðu.

Fleiri tækifæri gáfust til að kynna náms- og starfsráðgjöf og má þar nefna þátttöku formanns í Fundi fólksins þar sem fjallað var um málefni ungmenna og vinnumarkaðarins. Erindi formannsins beindi sjónum að mikilvægi þess að búa yfir færni til að stjórna sínum náms- og starfsferli og aðkomu/hlutverk náms- og starfsráðgjafa <https://fundurfolksins.is/>

Í vetur hafa margir félagsmenn nýtt samfélagsmiðla til að ná til notenda og ráðþega og vakið athygli. Upplýsinga- og kynningarnefnd stóð fyrir vel heppnaðri kynningu á stéttinni í kringum Dag náms- og starfsráðgjafar með notkun samfélagsmiðla.

Samstarf við Evrópumiðstöðina – Euroguidance

Félag náms- og starfsráðgjafa hefur átt í mjög góðu samstarfi við Evrópumiðstöð – Euroguidance og átt vísan stuðning þess. Dóra Stefánsdóttir hefur veitt miðstöðinni forstöðu og miðlað sí- og endurmenntunartækifærum til félagsmanna ásamt því að vekja athygli á náms- og starfsráðgjöf í Evrópu og nýjungum þar. Félag náms- og starfsráðgjafa vill færa Dóru Stefánsdóttur kærar þakkir fyrir samstarfið og veittan stuðning.

Samstarf við KÍ

Mjög margir félagsmenn eiga aðild að KÍ og undirfélögum þess, Félag grunnskólakennara og Félag framhaldsskólakennara. Samstarfið hefur m.a. falist í því að sækja styrki vegna sí- og endurmenntunar ásamt því að eiga samráð vegna kjaramála

Þróunarsjóður námsgagna

Félag náms- og starfsráðgjafa hefur vakið athygli á því hversu mikill skortur er á náms- og starfsfræðslufni fyrir grunn- og framhaldsskóla sem er samið á íslensku. Því var það fagnaðarefni að náms- og starfsfræðsla var eitt þriggja áhersluatriða hjá Þróunarsjóði námsgagna í ár.

Þróunarsjóður námsgagna starfar samkvæmt [lögum um námsgögn nr. 71/2007](#) og [reglugerð um þróunarsjóð námsgagna nr. 1268/2007](#). Hlutverk sjóðsins er að stuðla að nýsköpun, þróun, gerð og útgáfu námsgagna fyrir leik-grunn- og framhaldsskóla með það að markmiði að tryggja framboð og fjölbreytileika námsgagna í samræmi við þarfir nemenda og skóla.



Forgangsatíði þróunarsjóðs námsgagna fyrir árið 2022

1. Námsefni sem styður við skapandi kennsluhætti á sviði list- og verkgreina.
2. Námsgögn sem styður við náms- og starfsfræðslu
3. Námsgögn sem miðar að markvissri eflingu íslensks orðaforða og hugtakaskilnings í ýmsum námsgreinum.

<https://www.rannis.is/sjodir/rannsoknir/throunarsjodur-namsgagna/>

Brotthvarf úr skólum - birtingarmynd ójafnra tækifæri

Félagi náms- og starfsráðgjafa var boðin þátttaka í málþingi og pallborðsumræðum um brotthvarf úr skólum í mars 2022. Málþingið var á vegum Velferðarvaktarinnar og haldið í samvinnu við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og mennta - og barnamálaráðuneytið, Hrönn Baldursdóttir náms- og starfsráðgjafi við Fjölbrautarskólann við Ármúla tók þátt sem fulltrúi félagsins. Á málþinginu var meðal annars kynnt ný skýrsla, Félagsleg og efnahagsleg staða og brotthvarf úr íslenskum framhaldsskólum. Niðurstöður skýrslunnar benda til þess að brotthvarf sé birtingarmynd ójafnra tækifæra í íslensku samfélagi. Þessar niðurstöður ættu ekki að koma okkur sem störfum við náms- og starfsráðgjöf á óvart þar sem við störfum með og í þágu ráðþega okkar og búum yfir sérfræðipækkingu sem nýtist til stuðnings og forvarna þegar horft er til brotthvarfs. Skemmst er að minnast fyrirlesturs Ronald Sultana á Degi náms- og starfsráðgjafar 2021 um félagslegt réttlæti. Þá hafa verið unnar nokkrar MA ritgerðir í náms- og starfsráðgjöf sem lúta beint að skólaforðun og brotthvarfi nemenda.

4. Samstaða

Það er stjórn Félags náms- og starfsráðgjafar mikilvægt að hlusta eftir röddum félagsfólks, beina sjónum að sameiginlegum markmiðum og því sem er sérstætt á hverjum starfsvettvangi. Samstaða á meðal alls félagsfólks er styrkt með því að veita upplýsingar, skiptast á skoðunum og styrkja stöðu félagsfólks hvað varðar þekkingu og hæfni. Með öflugum samtali og samráði viðhelst dýrmæt samstaða á meðal félagsfólks.

5. Stafræn hæfni

Á tímum fjórðu iðnbyltingarinnar þá er stafræn hæfni nauðsynleg. Þetta er náms- og starfsráðgjöfum ljóst, sérstaklega þegar horft er til síðustu tveggja ára. Í dagskrá Dags náms- og starfsráðgjafar var varpað ljósi á stafræna hæfni ásamt því að vekja athygli á störfum og árangri tveggja náms- og starfsráðgjafa sem hafa sýnt frumkvæði og verið leiðandi hvað varðar stafræna hætti í starfi. Stafræn hæfni var einnig á dagskrá sem hluti af fræðslu til félagsmanna. Þegar horft er til almennrar starfshæfni samkvæmt hæfnigrunni Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er hægt að horfa sérstaklega til tveggja hæfnipátta; notkun



upplýsingatækni og starfsþróun og hæfniefling. Það er nauðsynlegt að FNS horfi til stafrænnar hæfni og á hvern hátt rafræn/stafræn náms- og starfsráðgjöf kemur til með að bjóða upp á tækifæri til að auðga fagið og starfið. Einnig er vert að horfa til siðareglna FNS þar sem sjónum er beint að rafrænn/stafrænni náms- og starfsráðgjöf

6. Félagatal og félagsaðild

Samkvæmt lögum félagsins geta þeir verið félagsmenn sem hafa hlotið löggildingu á starfsheitinu náms- og starfsráðgjafi. Einnig segir að ef félagsgjöld eru ekki greidd falli viðkomandi út af félagaskrá.

Þar sem FNS er aðildarfélag að KÍ og á þar rétt á ýmis konar þjónustu var ákveðið að færa félagatalið í umsýslu hjá KÍ. Þetta var m.a. gert vegna þess að þegar sótt er um styrki til KÍ þarf að fylgja umsókn fjöldi félagsmanna innan KÍ. Erfitt hefur reynst að uppfæra félagatal með réttum starfsvettvangi félagsmanna, en hjá KÍ eru kennitölur í FNS keyrðar saman með kennitölum í KÍ og þannig fæst rétt tala FNS félaga innan KÍ.

Á líðandi starfsári voru 17 félagsmenn nýskráðir á félagatal. 277 greiddu félagsgjöld og teljast þá félagsmenn. Á stjórnarfundum 24. september 2019 var ákveðið að einungis þeir sem greitt hafa félagsgjöldin séu á póstlistanum.

Við ítrekum að á aðalfundi 2015 var samþykkt með lagabreytingu að framvegis yrðu einungis teknir inn nýir félagsmenn sem skiluðu inn leyfisbréfi undirrituðu af mennta- og menningarmálaráðherra í viðhengi með aðildarumsókn. Var þetta gert til að einfalda inntökufærið og til að auka áreiðanleika félagatalsins þar sem tryggt væri að staðið yrði vörð um löggildingu starfsheitisins. Stjórn FNS hefur birt á heimasíðu FNS yfirlit yfir þá félagsmenn sem eru með leyfisbréf til að nota starfsheitið náms- og starfsráðgjafi. Enn eru einhverjir félagar sem ekki hafa sótt um leyfisbréf og eru þeir hvattir til að gera það. Haldið er utan um félagatalið á lokuðu svæði, umsjónarmaður félagatals sér um að uppfæra upplýsingar á póstlista. Mikilvægt er að félagatal og póstlisti séu samræmd og að upplýsingar um félagsmenn séu réttar. Ekki er unnt að halda utan um starfsstöð félagsmanna.

7. Fjárreiður og félagsgjöld

Ársreikningur Félags náms- og starfsráðgjafa fyrir árið 2021 er byggður á bókhaldi þess. Tekjur af félagsgjöldum voru kr. 1.599.000 og voru kr. 299.500 hærri en í fyrra. Styrkir námu kr. 350.000. Tap var af rekstri félagsins upp á kr. 691.736. Ræður þar að mestu að gefið var út sérblað í Fréttablaðinu í tilefni þess að félagið varð 40 ára. Sjá nánar í sérriti um ársreikning félagsins.



8. Norrænt samstarf

Greta Jessen er fulltrúi FNS í NFSY. NFSY eða Nordiska förbundet för studie- och yrkesvägledning eru regnhlífasamtök allra samtaka náms- og starfsráðgjafa á Norðurlöndunum. Með aðild að NFSY eiga landssamtök Norðurlandanna greiðan aðgang að alþjóðasamtökum náms- og starfsráðgjafa, IAEVG eða International Association for Educational and Vocational Guidance. Frá því í október 2020 hefur Svíþjóð gegnt formennsku í NFSY.

Aðalfundur félagsins var haldinn 2. apríl sl. Að þessu sinni var boðið upp á að taka þátt á staðnum eða í gegnum fjarfundarbúnað. Auk aðalfundarstarfa sagði hver fulltrúi stuttlega frá þeim málum sem eru efst á baugi í þeirra landi, segi frá ráðstefnum og þeim málum sem félögin eru að vinna að. Skýrslur hvers lands má finna á heimasíðu NFSY, www.nfsy.org auk fundargerða frá fundum.

Venjan er að haldnir eru tveir fundir á ári; stjórnarfundur og almennur fundur. Vegna COVID-19 hefur undirrituð ekki haft tækifæri til þess að taka þátt í hefðbundnum fundum. Vonir standa til að hægt verði að halda næsta fund (12. nóvember) í Gautaborg.

Eitt af markmiðum NFSY er að efla tengslanet félagsmanna á Norðurlöndunum og hefur það m.a. verið gert með því að hvetja félagsmenn til að setja sig í samband við einhvern úr stjórn NFSY ef óskað er eftir einhvers konar tengslum, samvinnu eða samskiptum á milli landa. Einhverjir félagsmenn hafa nýtt sér þetta net og væri ánægjulegt ef fleiri gerðu slíkt hið sama. Það er einfaldlega hægt að senda tölvupóst á stjórnarmenn NFSY og óska eftir aðstoð við að mynda tengsl. Netföng allra stjórnarmanna koma fram á heimasíðu samtakanna www.nfsy.org.

9. Greinagerðir nefnda og ráða

Fræðslunefnd

Fræðslunefnd FNS árið 2021 - 2022 skipuðu Guðrún Helga Ágústsdóttir, Kristín Hrefna Leifsdóttir, Kolbrún Vilhjálmsdóttir, Kristín Erla Þráinsdóttir og Kristjana Þrastardóttir. Fræðslunefndin hóf störf að hausti 2021 og fundaði mjög reglulega yfir veturinn og fóru fundir fram í gegnum fjarfundarbúnað. Haldið var utan um sameiginleg gögn og vinnuskjöl á fundum á Google Drive. Vegna covid voru margir viðburðir á vegum fræðslunefndar í formi fjarfunda eða kynninga á netinu. Stærsti viðburður ársins sem fræðslunefndin kom að var dagur náms- og starfsráðgjafa sem haldinn var hátíðlegur á Grand hótél 28. október 2021. Það er ýmislegt á þessum starfsvetri sem hægt hefði verið að gera öðruvísi ef að covid-19 hefði ekki verið og reyndi á aðlögunarhæfni fræðslunefndar á þessum vetri.



Dagur náms- og starfsráðgjafa

- Menntamálaráðherra Lilja Alfreðsdóttir setti ráðstefnuna með ávarpi.
- Tristram Hooley, prófessor við Inland Norway University of Applied Science: *Why we need career guidance in the post-pandemic era.*
- Soffía Valdimarsdóttir lektor í náms- og starfsráðgjöf og María Dóra Björnsdóttir doktor í náms- og starfsráðgjöf fóru yfir tímamót í sögu náms- og starfsráðgjafar.
- Rúna Magnúsdóttir, leiðtogamarkþjálfari: Út úr boxinu - fimm leiðir að betra, brattara og bjartara félagi sem fólk þekkir.
- Jónína Kárdal náms- og starfsráðgjafi og formaður FNS: stafræn tilvera.
- Sigrún Fjeldsted náms- og starfsráðgjafi: Að þora
- Kristín Erla Þráinsdóttir og Harpa Sif Þórsdóttir náms- og starfsráðgjafar: Kynning á þróunarverkefni um rafræna ráðgjöf.
- Vigdís Hafliðadóttir uppstandari sá um að ljúka deginum.

Námskeið í ferilskrágerð

- Rafrænt vefnámskeið 24. nóvember í samstarfi við Europass Ísland og Euroguidance þar sem farið var yfir gerð ferilskráa. Stefanía Hildur Ásmundsdóttir ráðgjafi frá Hagvangi fór yfir hvað ber að hafa í huga og hvað ber að varast við gerð ferilskráa.

Kynningar á störfum náms- og starfsráðgjafa

- Náms- og starfsráðgjafar kynntu verkefni rafrænt. Þrjú náms- og starfsráðgjafar (Helga Rúna Þorsteinsdóttir, Katrín Anna Eyvindardóttir og Rósa Siemsen fengu úthlutuðan styrk til að vinna verkefnabanka sem snýr að tilfinningalæsi, sjálfsmynd og félagsfærni fyrir nemendur í 1.-7. bekk.
- Arnar Þorsteinsson náms- og starfsráðgjafi hjá Iðan fræðslusetri sagði frá bresku verkefni sem lýtur að því að efla og styrkja náms- og starfsráðgjöf og náms- og starfsfræðslu, Gatsby viðmiðin.

Rafrænt.

Kynning á stafræna hæfnihjólinu

- Stafræna hæfnihjólið var kynnt á rafrænum fundi 22. mars. Þar sem Sandra Ósk Jóhannsdóttir sérfræðingur í starfsmenntámálum hjá VR, fór yfir hugtakið stafræn hæfni ásamt því að kynna þá þætti sem Evrópusambandið hefur flokkað sem meginþætti stafrænnar hæfni.

Kynning á iðn- og verknámi

- Vísindaferð hjá Félagi iðn- og tæknigreina (FIT) 25. mars. Þar var kynnt



framboð á iðn- og verknámi ásamt því að bjóða upp á spjall um fagleg málefni.

Fagráð grunnskóla

Fagráð grunnskóla starfsárið 2021-2022 skipa Henny Sigurjónsdóttir, Sóley Rós Guðmundsdóttir og Hildur Björg Vilhjálmisdóttir, tengiliður stjórnar.

Fagráð grunnskóla fundaði einu sinni á starfsárinu. Umræðuefni fundarins var forvarnir og inngríp vegna brotthvarfs úr framhaldsskólum og umræður um stefnumótun og áherslur náms- og starfsráðgjafa á grunnskólastigi.

Fagráð framhaldsskóla

Í fagráði framhaldsskóla eru Fríður Reynisdóttir, Svanhildur Svavarsdóttir og Helga Valtýsdóttir (fyrir hönd stjórnar).

Ekki var boðað til formlegra hittinga þetta starfsár en að frumkvæði náms- og starfsráðgjafa í FÁ var haldinn óformlegur hittingur í apríl og var það mjög kærkomið og mörg mál rædd. Talað var um hve nauðsynlegt væri að hittast og eiga í óformlegum umræðum um hin ýmsu málefni sem upp koma í starfinu.

Svanhildur hefur setið í skólamálanefnd Félags framhaldsskólakennara undanfarin fjögur ár en það er dýrmætt að okkar rödd heyrst þar.

Fagráð framhaldsskólanna fékk SEF styrk til að halda sumarnámskeið fyrir félagsmenn. Í byrjun júní verður haldið námskeið sem ber heitið *Náms- og starfsfræðsla í framhaldsskólum og kynning á úrræðum fyrir einstaklinga sem hætta námi* en markmiðið er að auka þekkingu náms- og starfsráðgjafa á því hvernig er hægt að byggja upp náms- og starfsfræðslu í framhaldsskólum. Þá mun einnig verða fræðsla frá Vinnumálastofnun og Virk um þau úrræði sem eru í boði fyrir þá nemendr sem hætta námi á framhaldsskólastigi.

Fagráð háskóla

Ekki var um neina formlega fundi að ræða 2021-2022

Fagráð atvinnulífs

Fagráð atvinnulífsins skipa: Ágústa Björnsdóttir, Hrönn Grímsdóttir og Margrét Hanna

Fagráð atvinnulífsins fundaði þrisvar sinnum á starfsárinu í gegnum Teams og var þess utan í sambandi í gegnum facebook og tölvupósta. Fagráðið stóð fyrir tveimur samráðsfundum meðal félagsmanna sem voru kynntir og boðað til í gegnum facebook hópinn: náms- og starfsráðgjafar í atvinnulífinu. Fundirnir voru hvor um sig ein klukkustund og fóru fram í gegnum zoom. Fyrri fundurinn fór fram 3. febrúar 2022. Þema fundarins var rafræn samskipti í starfi og allt sem þeim tengist. Ágústa Björnsdóttir Ásgarði - var með stutta hugleiðingu um þessi mál í byrjun fundarins áður en umræður hófust. Þetta er málefni sem er okkur flestum



ofarlega í huga enda hefur ástandið í samfélaginu verið þannig að áhersla á rafræn viðtöl og fræðslu er mun meiri en áður. Síðari fundurinn fór fram 21. mars 2022. Margrét Hanna sem er sjálfstætt starfandi náms- og starfsráðgjafi veitti innsýn í störf sín og að því loknu voru málefni líðandi stundar rædd.

Greinargerðir kjaranefnda

Kjaranefnd grunnskóla

Kjaranefnd grunnskóla tók til starfa í apríl 2021, hana skipaði Erna Ýr Styrkársdóttir og Hildur Björg Vilhjálmisdóttir, Jóhanna María Vignir tók við af Ernu Ýr í nóvember 2021. Haustið 2021 stóðu yfir kjarasamningsviðræður FG við samband íslenskra sveitafélaga. Kjaranefnd óskaði eftir áherslumálum félagsfólks FNS í grunnskólum. Kjaranefnd setti sig í samband við formann FG, Þorgerði Laufey Diðriksdóttur og óskaði eftir aðild að viðræðunum. Fundurinn var haldin 1. desember 2021 í gegnum fjarskiptaforritið Teams og sat formaður kennarasambands Reykjavíkur einnig fundinn. Á þeim tímapunkti voru samningaviðræður búnar að standa yfir í einhvern tíma þrátt að í 16.gr. laga FG standi að samninganefnd skuli hafa samráð við fagfélög félagsmanna við undirbúning samningsmarkmiða, er þetta annað árið í röð sem að þeirri grein laganna er ekki fylgt eftir. Aftur mætti kjaranefnd það viðmót formanns FG að ekki væri mögulegt að bæta við áherslum náms- og starfsráðgjafa í samningaviðræður að svo stöddu en Þorgerður var tilbúin að hlusta á þau atriði sem náms- og starfsráðgjafar vildu koma á framfæri til að hafa sér til hliðsjónar í framhaldinu. Miklar samræður áttu sér stað en niðurstöður fundarins sýndu að okkar hagsmuna er ekki sérstaklega gætt innan félagsins þar sem samráð við okkur er ekki í fyrirrúmi.

Kjaranefnd ætlar að gæta þess að hafa samband við nýjan formann FG í byrjun næsta skólaárs til að koma því á framfæri að við sem fulltrúar fagstéttarinnar viljum fá fund fyrir næstu kjarasamningsviðræður.

Kjaranefnd boðaði til fundar vegna nýlega samþykkt kjarasamnings FG og samband íslenskra sveitafélaga, einnig var stefnumótun náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum rædd. Kjarasamningsbreytingar eru almennar og ná ekki sérstaklega til starfa náms- og starfsráðgjafa, með tveimur undantekningum. Annars vegar kom til vinnutímastytting og breyttar skilgreiningar á staðbundinni og óstaðbundinni vinnu. Hins vegar kom til breyting á starfsheiti náms- og starfsráðgjafa sem í fyrri samningum voru kallaðir námsráðgjafar. Í nýjum samning er vísað til náms- og starfsráðgjafa og launasetning náms- og starfsráðgjafa miðar við að starfsmaður hafi réttindi samkvæmt lögum nr. 35/2009 um náms- og starfsráðgjafa.

Ákveðið var að næstu skref í stefnumótum ættu að vera að móta félag innan FG. Félagið hétu félag náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum (FNSG) og lyti sömu lögmálum og svæðafélög undir hatti FG. Þetta verður gert til að fá örugga aðkomu að málefnum FG og til að gæta hagsmuna náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum. Því er næsta mál á dagskrá kjaranefndar að



koma fram með tillögu að lagabreytingu á næsta aðalfundi KÍ sem verður í haust. Kjaranefnd hefur hafið vinnu við drög að lagabreytingu fyrir aðalfund FG og tilkynnt fráfarandi formanni FG um ásetninginn. Málið verður unnið í samráði við fráfarandi og nýkjörna stjórn FG.

Kjaranefnd framhaldsskóla

Það var ekkert um formlega fundi en innleiðing Betri vinnutíma fór af stað um áramótin og þar með kominn rammi fyrir náms- og starfsráðgjafa að fara eftir. Það var sett í hendur hver ráðgjafa og skóla að útfæra styttingu við hæfi. Betri vinnutími er tilraunaverkefni til 2023. Þá á að endurskoða og taka stöðuna.

Siðanefnd

Siðanefnd skipa: Hildur Ingólfssdóttir, Hrönn Grímsdóttir, Klara Guðbrandsdóttir og Lýdía Sigurðardóttir. Nýjar siðareglur sem unnið hafði verið að í tvö ár, voru samþykktar á aðalfundi FNS í maí 2021. Um var að ræða almenna yfirferð á siðareglum ásamt nýjum kafla um stafræna náms- og starfsráðgjöf. Siðanefnd vann að því að útbúa verkferla til að vinna eftir ef upp koma mál tengd brotum á siðareglum eða ef siðanefnd ákveður að taka upp mál að eigin frumkvæði. Siðanefnd var í samstarfi við stjórn vegna verkaskiptingu milli siðanefndar og stjórnar í afgreiðslu mála (Sjá 24. grein í Siðareglum FNS.) Siðanefnd tók þá ákvörðun í samráði við stjórn FNS að áfram verði 4 fulltrúar í siðanefnd en ef upp kemur sú staða að atkvæði mála falla jöfn skal vísa málinu til stjórnar og fulltrúi siðnefndar í stjórn viku meðan málið er afgreitt.

Siðanefnd FNS 2021-2022 hittist 6 sinnum á starfsárinu alltaf á Teams og voru fundir að meðaltali um klukkustund. Siðanefnd FNS leggur til að Siðanefnd FNS 2022-2023 ljúki við gerð verkferla.

Upplýsinga- og kynningarnefnd

Upplýsinga- og kynningarnefnd FNS 2021-2022 skipuðu Nanna Imsland og Anna Lóa Ólafsdóttir. Tengiliður við stjórn var Jónína Kárdal formaður. Nanna Imsland tilkynnti síðla hausts að hún gæti ekki tekið þátt í frekari nefndarstörfum vegna annarra skuldbindinga.

Starf upplýsinga- og kynningarnefndar FNS er mjög mikilvægt þar sem eitt viðfangsefnið er að auka skilning almennings á eðli og umfangi náms- og starfsráðgjafar. Eitt megin verkefni nefndarinnar þessa vetrar var að halda utan um kynningar í kringum Dag náms- og starfsráðgjafar. Af því tilefni bjó nefndin til samfélagsmiðlaramma sem að félagsmenn gátu sett utan um sína prófílmmynd. Skilaboðin voru skýr – að viðkomandi væri náms- og starfsráðgjafi og logo FNS birtist. Þetta vakti athygli og jók á sýnileika FNS og fagstéttarinnar. Viðvera á samfélagsmiðlinum Instagram tókst sérlega vel á Degi náms- og



starfsráðgjafar og þar var Anna Lóa Ólafsdóttir við stjórnvölinn. Jónína Kárdal formaður tók að sér vefstjórn. Leitast var við að birta fréttir jafnt á vefsíðu FNS og samfélagsmiðlum.

10. Önnur verkefni

Námskeið með Ronald Sultana

Náms- og starfsfræðsla (e. career education) og færni í stjórnun eigin starfsferils (e. career management skills) hefur verið mikið til umfjöllunar í mörgum löndum Evrópu og víðar. Professor Ronald Sultana hét námskeið þar sem hann gaf yfirsýn yfir helstu hugmyndir sem tengjast náms- og starfsfræðslu og beindi kastljósi að ávinninginum bæði fyrir einstaklinginn og samfélagið. Ronald G. Sultana er prófessor í félagsfræði og samanburðarmenntunarfræði við University of Malta þar sem hann er stofnandi og stjórnandi Euro-Mediterranean Centre for Educational Research (EMCER). Hann hefur unnið að málefnum náms- og starfsfræðslu síðastliðin 30 ár og hefur gefið út margskonar rit og greinar ásamt því að gera landsúttekir í Evrópu á sviðinu.

Uppskeruhátíð meistaranáms í náms- og starfsráðgjöf – samstarf

Uppskeruhátíð námsbrautar í náms- og starfsráðgjöf í samstarfi við Félag náms- og starfsráðgjafa er aftur komin á dagskrá eftir ákveðið hlé. Þetta er athyglisverður viðburður þar sem nemendur sem eru að ljúka MA námi kynna rannsóknir sínar. Það er hverri faggrein nauðsynlegt að stundaðir séu rannsóknir á fagsviðinu. Með því er verið að efla þekkingu á fagsviðinu, kynna nýjungar og varpa ljósi á álitamál og aðstæður hverju sinni.

IAEVG

Formaður er landsfulltrúi IAEVG (National Correspondant) og hefur tekið þátt í tveimur viðburðum á vegum IAEVG. Má annars vegar nefna rafræna ráðstefnu IAEVG haustið 2021 þar sem óskað var eftir kynningu á nýjungum í stafrænni þjónusta hvers lands í náms- og starfsráðgjöf. Formaður kynnti þróunina vegna næstaskref.is ásamt stafrænu efni frá VIRK. Hins vegar var um að ræða fjarfundur landsfulltrúa IAEVG í tengslum við árlega ráðstefnu. Í ár var hún rafræn og var í umsjón náms- og starfsráðgjafasamtaka í Asíu. Stefnt er að því að halda næstu IAEVG ráðstefnu í Brussel í Belgíu.

Samráðsvettvangur um skóla- og frístundastarf og sóttvarnaráðstafanir.

Í byrjun árs 2022 boðaði barna- og menntamálaráðherra, Ásmundur Davíð Einarsson, til fjarfunda þar sem yfir 80 manns komu saman til að eiga samráð og skiptast á upplýsingum vegna COVID 19 og áhrif þess á skólagöngu barna og ungmenna. Þetta var víðtækt samráð og var fundað samtals fimm sinnum. Tilgangur þessa samráðs var ekki aðeins að tryggja ákveðna upplýsingagjöf heldur og tengja saman aðila. Samkvæmt ráðherra er ætlunin að halda áfram samtali þó áherslur verði aðrar.



11. Lokaorð

Þakklæti er efst í huga í lok þessa starfsárs Félags náms- og starfsráðgjafa. Þakklæti fyrir fjörutíu starfsár þar sem áhersla hefur verið lögð á að sinna hlutverki félagsins eins og greint er frá í 2. grein laga FNS.

Hlutverk félagsins er:

1. að efla náms- og starfsráðgjöf, samheldni og tengsl félagsmanna ásamt fag- og stéttarvitund íslenskra náms- og starfsráðgjafa
2. að gæta hagsmuna náms- og starfsráðgjafa við gerð kjarasamninga í stéttarfélögum þeirra þar sem það á við
3. að gæta faglegra og félagslegra hagsmuna náms- og starfsráðgjafa gagnvart innlendum og erlendum aðilum
4. að efla faglegt starf og stuðla að endurmenntun félagsmanna
5. að efla rannsóknir á sviði náms- og starfsráðgjafa
6. að efla samstarf við erlend félög náms- og starfsráðgjafa

Þakklæti til fyrri stjórna og félagsfólks fyrir að standa vörð um náms- og starfsráðgjöf og sinna starfi sínu af fagmennsku og alúð. Starfsárið 2021-2022 hefur einkennst af því að finna lausnir til að halda uppi öflugu félagsstarfsemi, meðfram því að vinna samhliða því ástandi sem hefur skapast á starfsvettvangi vegna COVID 19. Það hefur tekist vel og hefur félagsfólk, nefndir og ráð sýnt þolgæði og verið úrræðagott í þeim efnum. Ný hyllir undir að hægt sé að bjóða upp á dagskrá þar sem félagsfólk getur mætt á staðinn og jafnframt haldið áfram að nota fjarfundaform til að bjóða upp á ákveðna fjölbreytni og aðgengi að fræðslu og samveru.

Ég tek undir lokaorð fyrrverandi formanns, Helgu Tryggvadóttur, í ársskýrslu 2021 þar sem hún segir að dropinn holar steininn þegar kemur að málum sem við viljum sinna og setja á dagskrá. Sóknarfæri náms- og starfsráðgjafa og fagstéttarinnar eru óteljandi mörg og endurspeglast til dæmis í Menntastefnu 2030 og því sem er að gerast varðandi sí- og endurmenntun almennings í tengslum við hæfni, færni og raunfærnimat. Til að fylgja málum fast eftir skiptir máli að viðhalda sýnileika, sýna samstöðu og eftirfylgni og efla okkar eigin hæfni í takt við þá tíma sem við lifum nú á stafrænni öld.

Að lokum vil ég þakka félagsfólki, nefndum og ráðum og sérstaklega stjórn fyrir afar gott samstarf og samvinnu.

Reykjavík, 23. maí 2022
f.h. stjórnar FNS

Jónína Kárdal, formaður